

Nd.

196. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925 og við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þskj. 163.

- I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni*.
Við 10. gr. B. 7. (Manntal 1703).
Liðurinn fellur niður.
- II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Jóni A. Jónssyni, Jörundi Brynjólfs-
syni, Sigurjóni Jónssyni, Hákonu J. Kristóferssyni, Jakob Möller,
Aug. Flygenring og Árna Jónssyni*.
Við brtt. 163, 15. Við 11. gr. B. 6. (Til landhelgisgæslu).
Fyrir »80000« kemur 120000
Til vara:
Fyrir »80000« kemur 100000
- III. Frá *Halldóri Stefánssyni, Árna Jónssyni og Sveini Ólafssyni*.
Við 12. gr. 3. Nýr liður:
Til Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiða-
hreppa, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni 1500
- IV. Frá *Jörandi Brynjólfssyni*.
Við brtt. 163, 25. a. (Grímsneslæknishjarað).
Fyrir »3000« koma 9000
- V. Frá *Hákonu Kristóferssyni og Jóni A. Jónssyni*.
Við 12. gr. 13. b. Nýir liðir:
a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði .. 15000
b. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Nauteyrarhjeraði ... 15000
- VI. Frá *Jóni Kjartanssyni*.
Við 12. gr. 13. b. Nýir liðir:
a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Vík í Mýrdal, $\frac{1}{2}$
kostnaðar 15000
b. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Síðu (uppbót) 3298,28
- VII. Frá *Jóni Baldvinssyni*.
Við 12. gr. 13. g. Nýr liður:
Til slysa- og tryggingarsjóðs verklyðsfjelaganna í
Reykjavík, hálfu meira en tillög til sjóðsins annarsstaðar frá,
alt að 5000

<i>Til vara:</i>		
	Til sama sjóðs, jafnmikið og tillög til sjóðsins annarsstaðar frá, alt að	2500
VIII.	<i>Frá Hákonni Kristóferssyni.</i>	
	Við 12. gr. 13. l. Nýr liður:	
	Til Steinunnar Jóhannesdóttur frá Skáleyjum, til hjúkrunarnáms erlendis	300
	<i>Til vara</i>	200
IX.	<i>Frá Sveini Ólafssyni.</i>	
	Við 12. gr. 13. m. (Sjúkrasjóður Fellshrepps). Liðurinn falli niður.	
X.	<i>Frá Jakob Möller.</i>	
	Við 12. gr. 13. n. Nýir liðir:	
	1. Til Árna Ó. Árnasonar, utanfararstyrkur til heilsubótar ..	1800
	2. Til Elínar Sigurðardóttur, sjúkrastykur	1000
XI.	<i>Frá Pjetri Þórðarsyni.</i>	
	Við 13. gr. B. VII. (Tillög til akfærra sýsluvega). Fyrir »10000« kemur	20000
XII.	<i>Frá Jakob Möller.</i>	
	Við 13. gr. D. III. 18. Nýr liður:	
	Til uppbótar á launum talsimakvenna við bæjar-símamann í Reykjavík, alt að	10000
XIII.	<i>Frá Árna Jónssyni og Halldóri Stefánsyni.</i>	
	Við 14. gr. A. b. 4. Nýr liður:	
	Viðbótarstyrkur til húsabóta á prestssetrinu Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu, með sömu skilyrðum sem í fjárlögum 1924, 14. gr. A. b. 5.... ..	2000
XIV.	<i>Frá Sveini Ólafssyni.</i>	
	Við brtt. 163, 62. Við 14. gr. B. VIII, 1. c. 3. (Ljós og hiti Hólaskóla). Fyrir »5000« kemur	3500
XV.	<i>Frá Hákonni Kristóferssyni, Sigurjóni Jónssyni, Jóni A. Jónssyni, Árna Jónssyni og Birni Lindal.</i>	
	Við 14. gr. B. X. (Verslunarskólar). Liðurinn (a. og b.) fellur niður.	

- XVI.** Frá *Jóni Þorlákssyni, Jóni Baldvínssyni, Jakob Möller og Magnúsi Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. XII. 1. a. (Rekstrarstyrkur kvennaskólans í Rvík).
 Fyrir »19000« kemur 22000
2. Við 14. gr. B. XII. 1. b. (sama) Liðurinn orðist svo:
 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 6500
- XVII.** Frá *Jóni Baldvínssyni.*
 Við 14. gr. XIV. 3. Nýr liður:
 Til fulltrúaráðs verklyðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna 500
- XVIII.** Frá *Jóni A. Jónssyni.*
 Við 14. gr. XV. (Húsmæðrafræðsla). Athugasemd á eftir:
 Ef kvenfjlagið Ósk notar ekki styrkinn, er ríkisstjórninni heimilt að greiða hann öðrum með sömu skilyrðum.
- XIX.** Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
 Við 15. gr. 1. d. (Landsbókasafn). Nýr liður:
 Til þess að semja og gefa út handritaskrá safnsins 3000
- XX.** Frá *Sveini Ólafssyni.*
 Við 15. gr. 20. Liðurinn orðist svo:
 Til Leikfjlags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti jafnháu tillagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur 3000
- XXI.** Frá *Jakob Möller.*
 Við 15. gr. Aftan við greinina kemur athugasemd:
 Fjárveitingarnar til útgáfu á Alþingisbókum, Landsyfirdómum, Lögum Íslands og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, samtals 4300 krónur, skulu því að eins greiddar, að stjórnin telji það fært fjárhagsins vegna.
- XXII.** Frá *Jóni A. Jónssyni og Hákonni Kristóferssyni.*
 Við brtt. 163, 115. Við 16. gr. 1. (Búnaðarfjel. Íslands).
 Fyrir »140000« kemur 120000
- XXIII.** Frá *Hákonni Kristóferssyni.*
 Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
 Liðurinn fellur niður.
- XXIV.** Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
 Við 16. gr. 6. (Dýralækningar). Ný málsgr. aftan við aths.:

Ennfremur veitist styrkurinn með því skilyrði, að nemandinn gefi stjórnarráðinu skriflegt drengskaparloforð um að starfa í opinberri þjónustu við dýralækningar a. m. k. í 15 ár að námi loknu, ef þess er óskað og gildar ástæður eigi hamla, og endurgreiðist styrkurinn að öðrum kosti.

- XXV.** Frá *Jóni A. Jónssyni og Hákonni Kristóferssyni*.
Við brtt. 163, 122. Við 16. gr. 11. (Fiskifjelagið).
Fyrir »55000« kemur 45000
- XXVI.** Frá *sjávarútvegsnefnd*.
Við 16. gr. 12. a. Nýr liður:
Launauppbót þriggja yfirfiskimatsmanna 2200
 Par af fær yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og yfirfiskimatsmennirnir á Vestfjörðum og Austfjörðum 600 kr. hvor.
- XXVII.** Frá *Sveini Ólafssyni og Halldóri Stefánssyni*.
Við brtt. 163, 123. Við 16. gr. 13. (Markaðsleit).
Fyrir »10000« kemur 20000
- XXVIII.** Frá *Jóni A. Jónssyni og Hákonni Kristóferssyni*.
Við brtt. 163, 123. Við 16. gr. 13 (Markaðsleit).
Fyrir »10000« kemur 15000
- XXIX.** Frá *Jörnndi Brynjólfsyni*.
Við 16. gr. 14. Nýr liður:
Til bænda í Hrunamannahreppi, til greiðslu á viðlagasjóðsláni til smjörlíkisgerðar 5000
- XXX.** Frá *Asgeiri Asgeirssyni*.
Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til verðlauna fyrir teikningar og tillögur um hífýla-prýði 1000
Verðlaunin veitast samkvæmt tillögum nefndar, er stjórnin skipar.
- XXXI.** Frá *Sigurjóni Jónssyni*.
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til Ísafjarðarkaupstaðar, til þess að byggja hafskipa-bryggju, gegn þreföldu framlagi frá kaupstaðnum, alt að ... 55000
Styrkurinn greiðist þannig, að skuld kaupstaðarins við rikissjóð lækki um þá upphæð, er styrknum nemur.

XXXII. Frá Hákonni Kristóferssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:

Til Guðmundar Björnssonar... .. 100

XXXIII. Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 19. gr. Ný málsgr. á eftir greininni:

Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veitt uppgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru kr. 4334.

Til vara:

Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 5 ára greiðslufrestur á rentum og afborgunum af eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru kr. 4334.

XXXIV. Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 21. gr. 3. Nýr liður:

Alt að 40000 kr. til lánveitinga til tóvinnuvjela. Lánin veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

XXXV. Frá Halldóri Stefánssyni og Sveini Ólafssyni.

Við brtt. 163, 134. Nýr staflíður:

Til stofnunar klæðaverksmiðju á Austurlandi (Reyðarfirði), alt að 200000 kr., þó eigi yfir ²/₃ stofnkostnaðar.